



TOLLSTJÓRI

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- skrifstofa matvæla og landbúnaðar
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík 3. janúar 2020

Efni: Umsögn Tollgæslustjóra og Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra um drög að reglugerð um innflutning hunda og katta

Tollgæslustjóri og Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra hafa farið yfir drög Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að reglugerð um innflutning hunda og katta sem birtist í Samráðsgátt hinn 20. desember 2019. Gefinn var umsagnarfrestur til 3. janúar 2020.

Helstu breytingar sem drögin fela í sér eru þær að innflutningskröfum verður breytt, einangrun hunda og katta verður stytta og sérstök undanþága gerð vegna einangrunar hjálparhunda sem getur farið fram í heimasóttkví undir eftirliti Matvælastofnunar í stað einangrunarstöðvar.

Embættin taka undir með umsögn FÁH varðandi löggæsluhunda og telja eðlilegt að leitarhundar bæði tollgæslu og lögreglunnar hafi möguleika á því að láta einangrun fara fram í heimasóttkví í stað einangrunarstöðvar. Með því móti yrði minni röskun á jafnvægi og þjálfun hundanna þegar þeir koma til landsins. Þar að auki myndi möguleiki á heimasóttkví gera það auðveldara fyrir löggæsluaðila og hunda þeirra að sækja sér þjálfun og reynslu erlendis en slíkar ferðir hafa ekki þótt æskilegar hingað til vegna þeirrar miklu röskunar sem dvöl í einangrunarstöð getur haft á hunda.

Að ofangreindu virtu leggja Tollgæslustjóri og Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra til að við reglugerðina bætist skilgreining á löggæsluhundum í 2. gr. og að auki undanþága frá einangrun í einangrunarstöð fyrir löggæsluhunda í 11. gr.

Virðingarfyllt,

f. h. Tollgæslustjóra og Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra,

Hrafnhildur Jóhannesdóttir

Hrafnhildur Jóhannesdóttir

Tollvörður og umsjónarmaður hundamála hjá Tollgæslustjóra